

Nd. **486. Nefndarálit** [188. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 14. janúar 1982.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þetta frv. er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem út voru gefin 14. janúar s.l. Ekkert samráð var haft við okkar flokk um ráðstöfun þess gengishagnaðar sem myndaðist við gengislækkunina. Við erum andvígir og áteljum harðlega þann hringlandahátt sem verið hefur á inn- og útgreiðslum í flestum deildum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og er okkur ljóst að eftir slíkt ráðslag veitir þeim sjóði ekki af þessum fjármunum öllum og þó meira hefði verið.

Hins vegar hefur þess jafnan verið gætt við þessar aðstæður, að eigendur fiskiskipa fái nokkra hlutdeild í gengishagnaðinum á móti þeirri skuldahækkun sem þeir verða fyrir af völdum gengislækkana. Þá hefur sjómannasamtökunum einnig verið sýndur skilningur með framlagi til lífeyrissjóðs og annarrar félagsstarfsemi. Hjá þessari ríkisstjórn örlar hvergi á slíkum skilningi.

Eins og fyrri daginn stendur Alþingi frammi fyrir gerðum hlut.

Þessar ráðstafanir eru gerðar af ríkisstjórninni og geta þeir einir, sem hana styðja, samþykkt þetta mál, en við munum sitja hjá við afgreiðslu þess.

Alþingi, 19. mars 1982.

Matthías Bjarnason,
frsm.

Matthías Á. Mathiesen.

Albert Guðmundsson.